

Fjallskilanevnd boðaði fund með öllum fjáreigendum í Suðurdölum, fundarboð sent með tölvupósti 25. janúar 2023.

Fundurinn var haldinn í Árbliki þann 6. febrúar kl. 20:00.

Mættir voru: Sigursteinn, María (Hundadalur), Svavar (Hlíð), Valberg (Stóra-Vatnshorn), Sigurdís (Hundadal), Guðbrandur (Skörð), Hjalti (Fellsendi), Finnbogi (Sauðafell), Guðmundur, Lína (Geirshlíð), Finnur, Guðrún (Háafell), Þorbjörn (Harrastaðir), Sigurður (Vatn).

Mál á dagskrá:

Flýting leita haustið 2023

Góðar umræður áttu sér stað á fundinum og var það niðurstaða fundarins að flýta flestum leitum um eina viku eins og heimild er til í 10. gr. Fjallskilasamþykktar Dalabyggðar.

Endanleg álagning og útfærsla verður unnin og send út í lok sumars en ganga má út frá því að í eftirtöldum leitum verði leitardagar þessir:

Fyrsta leit á Vatnsfjalli föstudaginn 8. september.

Fyrsta leit á Sanddal, Geldingadal, Skarðsafrétt og Laugardal laugardaginn 9. september.

Fyrsta leit á Villingadal, Skáladal og Þverdal 15. og 16. september.

Önnur leit á Sanddal, Geldingadal, Skarðsafrétt, Laugardal og Vatnsfjalli laugardaginn 23. september.

Með fyrirvara um einhverjar breytingar á síðari stigum. Þá eru allar ábendingar um æskilegar dagsetningar annara leita og hvað betur megi fara vel þegnar.

Fjallskilanevnd Suður-Dala,

Svavar M. Jóhannsson, formaður

Guðbrandur Þorkelsson

Valberg Sigfússon

Sigurdís Elísa Lilja Sigursteinsdóttir

Berghildur Pálmadóttir